

# Fundargerð

Fundargerð 23. aðalfundar KGSÍ haldinn laugardaginn 9. júní 2018 í Akógeshúsinu, Hilmisgötu 15, Vestmannaeyjum kl. 9.00.

Dagskrá:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Skýrsla formanns og stjórnar KGSÍ.
3. Endurskoðaðir reikningar KGSÍ fyrir árið 2017 lagðir fram til umræðu og samþykktar.
4. Kosning formanns KGSÍ.
5. Kosning annarra stjórnarmanna.
6. Kosning skoðunarmanna reikninga KGSÍ.
7. „Minning um mann“. Guðmundur Rafn Sigurðsson frkv.stj. Kirkjugarðaráðs ræðir um hvernig fólk minnist ættingja og vina með mismunandi minningarmörkum.
8. Hugmyndir í Kirkjugarði Keflavíkur til hagræðingar og bóta í rekstri. Sveinn Valdimarsson stjórnarformaður KGK segir frá forvitnilegu samkomulagi milli sveitarfélagsins og KGK.  
Matarhlé frá 12:00 til 13:00 á fundarstað.
9. Kári Aðalsteinsson garðyrkjustjóri KGRP segir frá illgresiseyðingu hjá KGRP.
10. Rekstrarvandi kirkjugarða. Hvað hefur KGSÍ gert til að leysa vandann?  
Þórsteinn Ragnarsson formaður KGSÍ og Albert Eymundsson formaður Kirkjug. Hafnar í Hornafirði segja frá. Fyrirspurnir og umræður.
11. Ólafur Týr Guðjónsson framhaldsskólakennari og úteyjakarl flytur erindi heimamanns.
12. Önnur mál.

Fundargestir:

Erla Berglind Jóhannsdóttir

KGRP

Egill Heiðar Gíslason

KGRP

Þórsteinn Ragnarsson

KGRP

Helga Þóra Jónsdóttir	KGRP
Friðjón Örn Guðmundsson	KGRP
Kári Aðalsteinsson	KGRP
Emilía Guðrún Svavarsdóttir	KGRP
Heimir Bj. Janusarson	KGRP
Kristján Linnet	KGRP
Helga Oddsdóttir	KGRP
Kristján Guðmundsson	KGRP
Torfhildur Stefánsdóttir	KGRP
Margrét Guðjónsdóttir	KGRP
Þorgrímur G. Jörgensson	KGRP
Hjalti Jóhannsson	Kirkjugarður Hafnarfjarðar
Arnór Sigurðsson	Kirkjugarður Hafnarfjarðar
Jóhanna Arnórsdóttir	Kirkjugarður Hafnarfjarðar
Þóroddur Skaptason	Kirkjugarður Hafnarfjarðar
Hermann Björn Erlingsson	Kirkjugarður Hafnarfjarðar
Guðmundur Rafn Sigurðsson	Kirkjugarðaráð
Ragnhildur Benediktsdóttir	Kirkjugarðaráð
Sveinn Valdimarsson	Kirkjugarður Keflavíkur
Þórey Óladóttir	Kirkjugarður Keflavíkur
Þórunn Íris Þórisdóttir	Kirkjugarður Keflavíkur
Þórður Kristjánsson	Kirkjugarður Keflavíkur
Friðbjörn Björnsson	Kirkjugarður Keflavíkur
Ólafur Valgeirsson	Vopnafjarðarkirkjugarður
Björgvin Agnar Hreinsson	Vopnafjarðarkirkjugarður
Þorsteinn Eyþórsson	Kirkjugarður Borgarness
Margrét Þórhallsdóttir	Kirkjugarður Húsavíkur
Guðbergur Rafn Ægisson	Kirkjugarður Húsavíkur
Albert Eymundsson	Hafnarkirkjugarður
Örn Arnarsson	Hafnarkirkjugarður
Elvar Ingason	Kirkjuvörður Ísafjarðarkirkju

Stefán Ívar Hansen	Kirkjugarðar Akureyrar
Kristján Guðjónsson	Kirkjugarðar Akureyrar
Hilmar Dúi Björgvinsson	Kirkjugarðar Akureyrar
Unnur Björgvinsdóttir	Heydalakirkjugarður
Halldóra Oddsdóttir	Hofskirkjugarður
Guðmunda Kristjánsdóttir	Kirkjug. að Stað í Grindavík
Steindór Gestsson	Kotstrandarkirkjugarður
Jakob Sigurðsson	Njarðvík
Halldór Hallgrímsson	Vestmannaeyjum
Böðvar Finnbogason	Víðimýrarkirkja
Valdimar Guðmannsson	Blönduósi

Þórsteinn Ragnarsson formaður KGSÍ setti fund og bauð fundarmenn velkomna á 23. aðalfund KGSÍ í Vestmannaeyjum. Á fundinum sætu fulltrúar 20 aðildargarða og þetta væri í annað skiptið sem fundurinn væri haldinn í Vestmannaeyjum, fyrra skiptið var 1999 eða fyrir 19 árum síðan. Þórsteinn sagðist ánægður með góða þátttöku og vonaði að fundarmenn næðu að stilla saman strengi og halda í horfinu aldagamalli þjónustugrein, farið verður yfir hlutina og ekki gefist upp á baráttunni við ríkisvaldið. Þórsteinn vonar að fundurinn skili fundarmönnum áleiðis og það verði gagn og gaman á aðalfundi Kirkjugarðasambandsins nú sem fyrr.

### **1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.**

Stungið var upp á að Egill Heiðar Gíslason yrði fundarstjóri og Hermann Björn Erlingsson fundarritari og voru þeir samþykktir í þau störf.

Fundarstjóri kynnti dagskrá fundar, engar athugasemdir voru gerðar við dagskrá fundarins og hún samþykkt.

### **2. Skýrsla formanns og stjórnar KGSÍ.**

Þórsteinn Ragnarsson formaður KGSÍ kynnti ársskýrslu stjórnar sem dreift var til fundarmanna og fór yfir efni hennar og vakti athygli á nokkrum atriðum. Einingarverðið sem samið var um árið 2005 hefur ekki hækkað eins og um var samið, á blaðsíðu 4 í skýrslu stjórnar KGSÍ má sjá töflu þar sem misgengi á framlaginu er kynnt vegna skerðingarinnar. Frá 2005 hefur hækkun einingarverðs verið 14% en launavísitalan hækkað á sama tíma um 80 %, hvernig á að vera hægt að veita lögbundna þjónustu eftir

að slíkt misgengi hefur átt sér stað. Þórsteinn benti nýjum félögum á að skoða vel í skýrslunni hlutverk KGSÍ við útreikninga á framlagi ríkisins til kirkjugarðanna. Þóknun til presta hefur hækkað yfir 80% á fjórum árum en ekki hefur komið króna á móti þessari hækkun á framlögum ríkisins til kirkjugarðanna. Ef ekki fæst bætt fyrir þessar hækkanir þarf að fá það út úr lögnum að þriðji aðili greiði hækkanir sem aðrir aðilar semja um.

Aðalfundur KGSÍ á Ísafirði í fyrra gekk vel og mættu 35 fundarmenn og 24 makar en aðsókn á aðalfundi hefur verið að meðaltali um 80 fundarmenn og makar eins og raunin er nú í Vestmannaeyjum og gott að fólk hittist í greininni og ræði saman um starfið í kirkjugörðunum.

Á Norðurlöndunum má ætla að ríkisvaldið treysti betur kirkjugarðsstjórnnum til að reka kirkjugarðana og gera þær það vel. Hér á landi virðist ekki vera sama traust og skilningur ráðamanna til stjórnna kirkjugarða, hvað veldur er erfitt að segja um.

Sameining kirkjugarðastjórnna gengur hægt en áhugi er fyrir hendi hjá mörgum sóknarnefndum. Það er eins og beðið sé eftir leiðbeinandi reglum eða lagasetningu um sameiningu. Til eru dæmi um sameiningar sem hafa gengið vel t.d. í Eyjafirði og hjá Reykjavíkurráðgjafum. Þórsteinn hvatti fundarmenn til að hugsa til sameininga kirkjugarðastjórnna, stærri einingar eru sterkari. Garður.is er fyrsta tölvutæka skráin sem var lögleidd hér á landi og þróun hefur verið síðan á kerfinu. Standa nú yfir endurforritanir á kerfinu og smíði á nýjum gagnagrunni. Hugbúnaðarfyrirtækið hefur unnið 2000 stundir sem ekki hefur verið greitt fyrir þar sem verkið fór fram úr áætlun og ekki var samið um þá vinnu. Sést fyrir endann á því verkefni fljótlega. Góður grunnur verður í kerfinu fyrir gerð ársreikninga kirkjugarðanna.

Bautasteinn er kominn út og hvatti hann garðana til að greiða fyrir blaðið og dreifa í sínu nærumhverfi. Formaður sér fram á að á aðalfundi 2020 verði að skipta um alla stjórnarmenn í kirkjugarðasambandinu vegna aldurs stjórnarmanna og fá nýtt og kröftugt fólk til að leiða samtökin til framtíðar.

Fundarstjóri þakkaði fyrir góða skýrslu og frestaði umræðum um hana.

### **3. Endurskoðaðir reikningar KGSÍ fyrir árið 2017 lagðir fram til umræðu og samþykktar.**

Margrét Guðjónsdóttir frá KGRP fór yfir ársreikninga KGSÍ. Margrét fór yfir alla helstu liði, rekstrartekjur, gjöld, efnahagsreikning, sjóðsstreymi. Rekstrartekjur ársins námu kr. 15.998.811 m.kr., rekstrargjöld voru kr. 13.540.548 m.kr. Tekjur umfram gjöld námu kr. 2.458.263 m.kr. en eftir fjármagnsliði er hagnaður ársins kr. 2.565.963 m.kr. Handbært fé í árslok 6.527.624 m.kr. og eigið fé kr. 13.279.356 m.kr. Margrét benti á að hækkun á tekjum og gjöldum skýrðist af endurforritun á garður.is

Fundarstjóri þakkaði Margréti fyrir góðar útskýringar og gaf orðið laust fyrir fyrirspurnir

Ólafur Valgeirsson frá Vopnafirði, þakkaði skýrslur. Hafa þarf í huga jafnrétti við endurnýjun í stjórn KGSÍ en meirihluti stjórnarmanna kirkjugarðanna eru karlar. Gardur.is er í endurforritum, en er kerfið í lagi miðað við nýju persónuverndarlögin?

Arnór Sigurðsson frá Hafnarfirði, var þörf á að endurnýja kerfið gardur.is? Var þörf á að setja inn í nýja kerfið að útfarstjórar gætu skráð sjálfir inn athafnir? Gamla kerfið var gott og notendavænt en þetta ekki.

Þórunn Íris Þórisdóttir frá Keflavík, prestar eru ekki sáttir við kerfið og segja það þunglamalegt og ekki notendavænt. Það vantaði samvinnu við notendur við endurforritun á kerfinu.

Björgvin A Hreinsson frá Vopnafirði, Nýja kerfið ekki gott og erfitt að vinna við það.

Súsanna Rafnsdóttir frá Vopnafirði, sagði að nýja kerfið væri ekki gott kerfi að vinna við.

Þórsteinn Ragnarsson formaður KGSÍ, svaraði athugasemdum, búið er að skoða nýja kerfið gagnvart persónuverndarlögum. Réttthafaskráin er það eina sem fellur í persónuvernd í nýja kerfinu. Eðli kerfa er að það taki smá tíma fyrir notendur að aðlagast nýjum kerfum, enn er verið að vinna í kerfinu. Margar nýjungar eru á leiðinni og sérstaklega til að fá betri upplýsingar. Ef einhver skráir beiðnir í kerfið verður viðkomandi kirkjugarður að staðfesta beiðnina. Við eigum eftir að setja inn upplýsingar sem voru í gamla kerfinu, þær eru á leiðinni, og koma með nýjungar og endurbætur á kerfinu.

Arnór Sigurðsson frá Hafnarfirði, sagði frá vandræðum vegna tölvusamskipta milli útfararstofu og kirkjugarðs þar sem útfararstofan fylgdist ekki með sínum tilkynningum vegna útfara og mættu ekki í garðinn með kerfið og aðstandendur þurftu að bíða eftir að útfararstofan mætti með kerfið.

Ólafur Valgeirsson frá Vopnafirði, gerði athugasemd við ársreikninga, finnst að skýringar vegna annars kostnaðar mætti setja betur upp í reikningnum. Benti á ekki væri nóg að segja að notendur ættu að aðlagast nýja kerfinu. Kerfi eru ekki fyrir notendurna, notendur eru fyrir kerfið.

Þórsteinn Ragnarsson formaður KGSÍ sagði að mjög sennilegt væri að á næsta aðalfundi yrðu allir sáttir við nýja kerfið og hefðu náð góðu valdi á því og skynji þá hversu ágætt það sé og auðvelt í notkun. Þórsteinn minnti á að öryggismál gegn tölvuþrjótum og rekstri kerfisins hefði verið ein meginástæða til þess að nýtt kerfi var forritað.

Skýrsla stjórnar og reikningar samþykktir samhljóða.

#### **4. Kosning formanns KGSÍ.**

Þórsteinn Ragnarsson gaf kost á sér sem formaður KGSÍ og var hann einróma kjörinn formaður.

## **5. Kosning annarra stjórnarmanna.**

Fundarstjóri kynnti þá einstaklinga sem sátu í stjórn og varastjórn. Þórsteinn Ragnarsson formaður, Guðmundur Rafn Sigurðsson og Albert Eymundsson sem aðalmenn. Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða, þ.e að kjósa Guðmund og Albert sem aðalmenn og Þórunni Ragnarsdóttur og Svein Valdimarsson sem varamenn.

## **6. Kosning skoðunarmanna reikninga KGSÍ**

Skoðunarmenn voru endurkjörnir, þeir Þjóðbjörn Hannesson og Magnús Gunnarsson..

## **7. „Minning um mann“. Guðmundur Rafn Sigurðsson frkv.stj. Kirkjugarðaráðs ræðir um hvernig fólk minnst ættingja og vina með mismunandi minningarmörkum.**

Ræddi um minningarmörk og hvernig menn settu minningarmörk við leiði, elsti steinninn á Íslandi er við leiði frá 1300 í Höskuldarkirkjugarði og þar er búið að skipuleggja minngartorg um hann. Kynnti ýmsar útfærslur á minningarmörkum og sýndi myndir af þeim. Allt er þetta spurning um smekk ekki er til lögbundinn smekkur fólks. Margt gott gert en oft tekur fólk ekki tillit til minningarmarkna á næstu reitum.

## **8. Hugmyndir í Kirkjugarði Keflavíkur til hagræðingar og bóta í rekstri. Sveinn Valdimarsson stjórnarformaður KKG segir frá forvitnilegu samkomulagi milli sveitarfélagsins og KKG.**

Sveinn kynnti rekstur kirkjugarðs Keflavíkur og framtíðar áform um stækkun og endurbætur á kirkjugörðunum í Keflavík. Oft gengið erfiðlega að fá fjármagn frá Reykjanesbæ en samkomulag við Reykjanesbæ gerir kirkjugarðinum auðveldara að takast á við endurbæturnar. Samið var um að Reykjanesbær greiðir fyrir hverja gróf sem er tekin og greiðir bærinn þann kostnað árlega. Þetta fyrirkomulag kemur vel út fyrir kirkjugarðinn og er miðað við fasta krónutölu vísitölubundið á hvert leiði.

## **9. Kári Aðalsteinsson garðyrkjustjóri KGRP segir frá illgresiseyðingu hjá KGRP**

Kári sagði að allar plöntur sem vaxa á röngum stað séu illgresi, dæmi t.d. túnffill, skriðsóley, húsapuntur, dúnurt, krossgras og hlaðkolla. Gengið hefur vel að nota eitur fyrir tvíærar plötur sem virka eingöngu á þær, t.d. skriðsóley og fífla og njóla. Mikilvægt er að sá grasfræ í svæðin eftir á til að loka svæðinu, tekur um 1 – 2 ár. Erfitt að fá eiturefni en þau eru flest öll komin á bannlista. Vandamálið við eiturefni eru aukaefnin í blöndunni sem notuð eru til að dreifa blöndunni. Aðrar aðferðir sem nota má og hafa reynst ágætlega eru m.a. herfi á malarstígum til að hreyfa mölina ef rétt kornastærð er í stígnum. Vírburstar til að hreinsa hellur sem eru þá t.d. festir á minni vinnutæki. Þegar vantar fúguefni við hellur myndast skilyrði fyrir plöntur, rétt er að fylla reglulega fúgur með sandi. Gasbrennarar í

ýmsum útfærslum til að brenna plönturnar. Nýjast er að nota heita gufu og líka heita gufu með blöndu af kókosolíu til að halda betur hitanum í gufunni, þá myndast froða sem heldur við hitanum. Hann bauð kirkjugörðunum að hafa samband ef fólk þarf aðstoð eða ráðgjöf.

**Fundarhlé var gert frá kl. 12:00 – 13:00**

**10. Rekstrarvandi kirkjugarða. Hvað hefur KGSÍ gert til að leysa vandann? Þórsteinn Ragnarsson formaður KGSÍ og Albert Eymundsson formaður Kirkjug. Hafnar í Hornafirði segja frá. Fyrirspurnir og umræður.**

Þórsteinn Ragnarsson formaður KGSÍ sagði frá vinnu stjórnar og vinnuhópsins KGSÍ sem myndaður var á síðasta aðalfundi vegna rekstrarvanda kirkjugarða, kynnti hann skýrslur sem gerðar hafa verið um málið frá 2003, 2013 og 2016. Í janúar 2017 var óskað eftir viðtali við ráðherra Sigríði Á. Andersen og henni gerð grein fyrir málinu og lögð fram tillaga um að fullgera frumvarp og mynda vinnuhóp um nýtt samkomulag og gjaldalíkan. Í apríl 2017 fékk hún nýtt bréf þar sem óskað var eftir svörum við fyrri bréfi. Enginn áhugi eða vilji hjá ráðuneytinu var að vinna að málinu. Í mars 2018 var nokkrum þingmönnum kynnt málið og í framhaldinu fékkst kynningar fundur með fjárlaganefnd Alþingis. Gert var „staðreyndarblað“ um rekstrarvanda kirkjugarðanna til að dreifa meðal þingmanna. Það Þórsteinn fundarmenn að senda blaðið á þá þingmenn sem þau þekktu, eina sem virkar er maður á mann aðferðin. Kynnti hann eftirfarandi tillögu stjórnar KGSÍ að lausn vandans.

„2018. Við fjárlagagerð v/2019 sem fer fram þessar vikurnar yrðu einingarverð hækkuð um 150m.kr. þannig að framlag ríkisins 2019 hækkaði aukalega um þá upphæð.

2019. Við fjárlagagerð 2020, sem fram fer í apríl maí 2019, yrði 150 m.kr. bætt við einingarverð og gjaldalíkanið reiknaði síðan framlag 2020 sem yrði 300 m.kr. hærrí en sú tala hefði orðið ef ekkert hefði verið gert 2018 og 2019. Þar með væri búið að bæta 2/3 af misgengi einingarverða.

2018-2019. Unnið samhliða að því að endurnýja samkomulagið við ríkið og gera það gegnsærra og skilgreina betur hvað er þar inni og hvað ekki. Hugsanlega yrðu einingarverð hækkuð meira til að nálgast uppfært gildi einingarverða frá 2005. Breytingar (færri eða fleiri verkefni) settar inn í gjaldalíkanið og yrði framlagið í samræmi við það.“

Arnór Sigurðsson frá Hafnarfirði, má ekki bara loka líkhúsunum og þrýsta á stjórnvöld.

Þórsteinn Ragnarsson formaður KGSÍ sagði ef við fengjum tekjur af rekstri líkhúsanna, þá hefur fjármálaráðuneytið hótad að lækka framlagið frá ríkinu sem því næmi. Þetta var fullyrt á fundi með ráðuneytismönnum. Vandamálið við lokun á líkhúsunum er að þá erum við að kveikja elda og völdum óánægju meðal aðstandenda og erum þá að „berjast“ á tveimur vígstöðvum.

Ólafur Valgeirsson frá Vopnafirði, Ræddi um rekstrarvandann og rætt hefði verið um hann frá því hann sótti fyrsta aðalfundinn 2011 og þá hefði ekki mátt samþykkja harða ályktun til að styggja ekki ráðuneytið. Það er ekki lögbundið hjá kirkjugörðum að reka líkhús eða grafar kapellu. Þó það væri ekki í hans kirkjugarði væri samt rekstrarvandi hjá þeim. Lagði til að þeir garðar sem starfræktu ótilgreindan rekstur eins og líkhús og grafar kapellu ættu að hætta þeim rekstri.

Þorsteinn Eyþórsson frá Borgarnesi, Sagði að Þorsteinn formaður hefði sent kirkjugörðunum póst um vandann fyrir stuttu og lagði til að pósturinn yrði sendur til þingmanna.

Björgvin A Hreinsson frá Vopnafirði, sér ekki fram á annað en að loka garðinum því hann fær ekki fólk til að taka grafir frítt.

Arnór Sigurðsson frá Hafnarfirði, Garðabær og Mosfellsbær eru ekki með líkhús og nýta sér þjónustu Kirkjugarða Reykjavíkur og greiða ekki fyrir það.

Guðmundur Rafn Sigurðsson frá kirkjugarðaráði. Vildi benda á að umhirða kirkjugarða væri ekki eingöngu til að sinna aðstandendum heldur líka ferðamönnum, þetta snýst ekki um trúmál heldur að sýna látnum sóma með góðri umhirðu, við erum langt á eftir Norðurlöndum í þessum efnum.

Stefán Ívar Hansen frá Akureyri, fjármálin hjá þeim hafa farið hratt niður á við og þeir eru að verða uppiskroppa með ráð til að spara og hallinn að aukast jafnt og þétt, þeir hafa minnkað umhirðu og fengið við það óánægju aðstandenda.

Albert Eymundsson frá Höfn í Hornafirði, Þorsteinn formaður KGSÍ hefur staðið sig vel á fundum með ráðamönnum og ekki hlíft þeim og rætt við þá með rökum og af festu. Ekki eru slagsmál rétta leiðin í samtali við ráðamenn og finnst ótrúlegt hvað fálætið er hjá ráðamönnum og málefnið virðist ekki vera uppi á borðum hjá þeim. Best sé að nota maður á mann aðferðina og nýta þau gögn sem unnin hafa verið um málið.

Þórunn Íris Þórisdóttir frá Keflavík, hver ætlar að halda utan um málið að fundarmenn eiga að senda þingmönnum bréf. Hver sendir hverjum, það þarf að samræma það.

Þorsteinn Ragnarsson formaður KGSÍ þakkaði umræðuna og sagði að engin ein leið væri til að leysa vandann en búið væri að þreifa vel á málinu og prófa nokkrar leiðir. Hvatti hann fundarmenn til láta vita hvaða þingmenn þeir þekktu til að senda þeim upplýsingar um rekstrarvandann, stjórn KGSÍ leggur síðan til hvaða upplýsingar verða sendar. Mikilvægt að fá alla til að senda sínum þingmönnum póst og þeir fái upplýsingar um rekstrarvandann frá öllum landshlutum.

Varðandi fyrirspurn Þórunnar sagði Þorsteinn að skipulag alþingismannalistans væri á þann veg að aðalfundarfulltrúar væru beðnir að krossa við þá þingmenn sem þeir treystu sér til að ræða við eða senda tölvupóst og síðan væri blöðunum safnað saman. Því næst yrði excelskjál útbúið þar sem merkt væri inn hverjir hefðu samband við hvaða þingmenn og yrði síðan haft samband við þá sem skiluðu



blöðum inn og þeir fengu sent pdf-skjal af „rekstrarvanda kirkjugarða“ ásamt tillögu um texta og atriði sem nefna mætti í stuttum tölvupósti.

Ólafur Valgeirsson Vopnafirði, Gott mál að senda póst maður á mann, lagði til að allur texti í bréfinu verði sem minnst í viðhengi og allur í meginmáli. Vildi rifja upp ráð kirkjupings vegna vandamáls um vanefndir á greiðslu sóknargjalda, sóknarnefndir fengu texta til að senda á þingmenn og fjöldi pósta frá sama kjördæmi barst til sama þingmannsins ekki bara einn póstur. Það hefur áhrif þegar þingmenn fá fjölda pósta úr kjördæminu. Lítur svo á að tillaga sem liggur fyrir að 2/3 fái leiðrétt og lagabreyting um rekstur líkhúsa væri heimiluð og þá fengju þeir garðar sem ekki reka líkhús minni tekjur. Minni görðum væri fórnað fyrir þá stærri.

Þórsteinn Ragnarsson formaður KGSÍ, sagði að þetta væri mesti misskilningur hjá Ólafi. Staðreyndin væri sú að gjaldalíkanið hefði ekki frá upphafi reiknað neinar aukatekjur til þeirra garða sem reka líkhús og athafnarými. Árið 2005 var gert ráð fyrir að semja um það síðar en ekki tekist. Þetta sýndi að aðrir garðar hafa ekki liðið fyrir þann rekstur. KGRP hafa frá upphafi tekið af umhirðu þá peninga sem til hefur þurft til reksturs líkhúss og athafnarýma.

Ólafur Valgeirsson Vopnafirði, finnst ekki rétt að þeir garðar sem reka líkhús fái ekki greitt fyrir þann kostnað.

#### **11. Ólafur Týr Guðjónsson framhaldsskólakennari og úteyjakarl flytur erindi heimamanns.**

Ólafur flutti erindið, Frjálsar hendur, Vestmannaeyjar þá og síðar. Fjallaði hann um sögu og staðhætti Vestmannaeyja út frá kirkjulegum tengingum.

#### **12. Önnur mál.**

Þórsteinn Ragnarsson formaður KGSÍ kynnti rekstraráætlun 2018, helstu liðir utan venjubunda eru vegna endursmíði á gardur.is og sérfræðingakostnaður almannatengla vegna leiðréttingar á framlaginu til ríkisins.

Rekstraráætlun var samþykkt samhljóða

Þórsteinn Ragnarsson formaður KGSÍ lagði fram ályktun sem send verður til fjölmiðla og ákveðinna aðila sem tengjast málinu.

#### **Ályktun aðalfundar Kirkjugarðasambands Íslands**

Aðalfundur Kirkjugarðasambands Íslands, lýsir vonbrigðum yfir því að ekki er gert ráð fyrir leiðréttingu á fjárveitingum til kirkjugarða landsins í 5 ára fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar. Rekstur kirkjugarðanna hefur verið undirfjármagnaður undanfarin ár og ekki í samræmi við samning sem gerður var við ríkið

árið 2005. Þessum fjárskorti hefur verið mætt með því að draga úr umhirðu garðanna og viðhaldi mannvirkja sem þeim tengjast og er nú svo komið að mannvirki liggja undir skemmdum og umhirðu legstaða er víða ábótavant.

Kirkjugarðarnir eru grafreitir allra landsmanna, óháð uppruna þeirra eða trúarbrögðum. Þeir eru minningarreitir um gengnar kynslóðir sem eftirlifendur hafa ávallt lagt áherslu á að annast um af ræktarsemi og alúð. Því er sárt að horfa upp á þessa mikilvægu reiti vanhirta vegna þess að ekki fæst fjármagn til að sinna umhirðu þeirra svo sómi sé að.

Samningurinn við ríkið átti að tryggja tekjur til að standa undir rekstri garðanna og lögbundnum skyldum þeirra. Í kjölfar efnahagshrunsins 2008 urðu kirkjugarðarnir, eins og fleiri stofnanir fyrir miklum niðurskurði, en í dag 10 árum síðar, hefur sú skerðing enn ekki verið leiðrétt. Samtals vantar 3,4 milljarða króna að nafnvirði upp á að staðið hafi verið við samninginn frá 2005. Gjaldalíkan samningsins skilar nú einungis 60% af þeim fjármunum sem þá var um samið.

Aðalfundur Kirkjugarðasambandsins skorar á stjórnvöld að bæta fjárhagsstöðu kirkjugarða landsins þannig að hægt sé sinna grafreitum genginna kynslóða af þeirri virðingu og alúð sem þær verðskulda.

Vestmannaeyjum 9. júní 2018.

Samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri þakkaði fyrir samstarfið á fundinum og samveruna og sagði að mikilvægt væri að stilla saman strengi.

Þórsteinn Ragnarson formaður KGSÍ flutti lokaorð, þakkaði fundargestum fyrir góðan fund, óskaði fundarmönnum góðrar heimferðar og sleit fundi klukkan 15:25.

Fundargerð ritaði:

Hermann Björn Erlingsson,  
ritari stjórnar Kirkjugarðs Hafnarfjarðar.

Sjá myndir frá aðalfundinum teknar af Þórsteini Ragnarssyni og útimyndir frá Heimaey sem teknar voru af Þorgrími G. Jörgenssyni.

[https://www.gardur.is/kgsi\\_vefur/myndir2018/](https://www.gardur.is/kgsi_vefur/myndir2018/)